



Umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 19. janúar 2026

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur)**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur). Samtökin eru mótfallin framgangi frumvarpsins.

***Lagaumgjörð vindorkukosta***

Frumvarpið felur í sér að virkjunarkostir í vindorku verði meðhöndlaðir innan ramma laga nr. 48/2011 en þó með þeim hætti að:

- Um vindorku gildi tilteknar sérreglur umfram aðra orkukosti þar sem gætt er að náttúru landsins, hálendinu, friðlýstum svæðum og fuglalífi. Þannig verður, auk friðlýstra svæða, hagnýting vindorku ekki heimil á:
  - svæðum á B-hluta náttúruminjaskrá,
  - svæðum innan marka friðhelgunarsvæðis menningarminja,
  - svæðum á heimsminjaskrá UNESCO og svæðum sem tilnefnd hafa verið á skrána,
  - Ramsar-svæðum (sem eru að mestu óröskuð votlendissvæði og því mikilvæg búsvæði fuglastofna)
  - öllum svæðum innan marka miðhálendislínu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu.
- Vindorkumannvirki falli undir rammaáætlun jafnvel þó það nái ekki 10MW uppsettu rafafli ef mannvirkið í hæstu stöðu er hærra en 100 metra.
- Vindorkukostir verði undanþegnir þeirri meginreglu laganna að verndar- og orkunýtingaráætlun sé bindandi gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga.
- Lögfest verði sérstök sjónarmið við mat virkjunarhugmynda til nýtingar á vindorku, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Þá er leitast við að styrkja vernd þeirra landssvæða sem eru flokkuð í verndarflokk rammaáætlunar þannig að þau sæti þeirri almennu vernd sem mælt er fyrir um í VIII. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eins og kostur er, í stað þess að þau séu einvörðungu friðlýst gegn orkuvinnslu.



### **Samspil takmarkana á hagnýtingu lands við 72. og 65. gr. stjórnarskrárinnar**

Samtökin furða sig á þeim takmörkunum sem frumvarpið felur í sér. Ferli laga nr. 48/2011 hefur verið gagnrýnt fyrir að vera þunglamalegt og staðið í vegi fyrir grænni orkuöflun. Stjórnvöld hafa lagt fram frumvörp fyrir Alþingi sem eiga að stuðla að einföldun regluverksins, aukinni skilvirkni og tryggja að unnið sé að stefnu stjórnvalda um öflun raforku en óljóst er hvaða árangri þau munu skila. Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi á að afgreiða vindorkukosti á grundvelli laga nr. 48/2011 með enn frekari takmörkunum en á við um vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir. Í greinargerð með frumvarpinu segir:

*„Skýrari lagarammi á þessu sviði er líklegur til að einfalda og flýta málsmeðferð til lengri tíma litið. Með lögfestingu sérreglna um vindorku, þar sem stór svæði eru fyrirfram útilokuð frá vindorkunýtingu og mælt er fyrir um að sérstaklega skuli horft til tiltekinna þátta, eru skapaðar forsendur til skjótari málsmeðferðar vindorkukosta í rammaáætlunarferlinu og dregið úr óvissu.“*

Samtökin gera athugasemd við framangreind rök. Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstök sjónarmið við mat virkjunarhugmynda til nýtingar á vindorku. Skal verkefnastjórn nánar tiltekið horfa til eftirfarandi þátta:

- a) hvort virkjunarhugmyndin sé á röskuðu svæði, þ.e. svæði þar sem landnotkun eða mannleg umsvif hafa breytt landi frá upprunalegu náttúrulegu ástandi þess,
- b) hvaða áhrif virkjunarhugmyndin hefði á nálæg friðlýst svæði samkvæmt lögum um náttúruvernd eða sérlögum, óbyggð víðerni eða mikilvæg fuglasvæði,
- c) hvort virkjunarhugmyndin eflir raforkuöryggi í viðkomandi landshluta og hvort hún falli að gildandi þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku,
- d) hvaða áhrif virkjunarhugmyndin hefði á atvinnulíf og byggðapróun, einkum á svæðum sem standa frammi fyrir áskorunum í byggðamálum samkvæmt gildandi byggðastefnu og aðgerðaráætlun.

Samtökin telja framangreint ákvæði síst til þess fallið að stuðla að aukinni skilvirkni eða draga úr óvissu. Þá séu engin rök fyrir því að lögfesta sérstök sjónarmið fyrir vindorkukosti umfram aðra kosti.

Með frumvarpinu eru stór svæði fyrirfram útilokuð frá vindorkunýtingu, m.a. svæði í einkaeigu. Hagnýting lands er varið af eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Á ákvæðið reynir við eignarnám lands til en einnig þegar takmarkanir hafa verið settar á hagnýtingu þess. Samtökin telja skorta á umfjöllun um 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Telja samtökin raunar að þær almennu takmarkanir sem frumvarpið feli í sér stangist á við framangreind ákvæði.

Frumvarpið felur í sér að vindorkukostir verði undanþegnir þeirri meginreglu laga nr. 48/2011 að verndar- og orkunýtingaráætlun sé bindandi gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga. Samkvæmt því virðist sá möguleiki uppi að vindorkukostir fari í gegnum langt ferli rammaáætlunar til þess eins að sveitarfélög beiti neitunarvaldi sínu. Samtökin gera verulegar athugasemdir við framangreinda tillögu. Það er grundvallaratriði í lögum nr. 48/2011 að



verndar- og orkunýtingaráætlun sé bindandi við gerð skipulagsáætlana og sveitarstjórnir skuli samræma gildandi svæðis- aðal- og deiliskipulagsáætlanir að áætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Sé það ætlunin að færa sveitarfélögum ákvörðunarvald um uppbyggingu vindorkuvera er rétt að undanskilja vindorkukosti gildissviði laga nr. 48/2011 í heild sinni.

### **Kostir vindorku**

Samtökin hafa um árabíl varað við því ójafnvægi sem hefur myndast á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Framangreindur vandi hefur leitt til hærra raforkuverðs<sup>1</sup> og skerðinga á raforku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja og útflutningstekjur. Nýlegar náttúruhamfarir hafa leitt til óvissu í raforkumálum og sýnt fram á nauðsyn sveigjanleika og fjölbreytni innan kerfisins. Með fjölbreyttum raforkukostum eykst viðnámsþróttur raforkukerfisins gagnvart ófyrirséðum áföllum. Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem fram undan eru. Í nýlegri orkuspá Landsnets, Raforkueftirlitsins og Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að orkuskipti þurfi að ganga mun hraðar en grunnspá gerir ráð fyrir til að Ísland nái loftslagsmarkmiðum sínum.

Fjölbreyttir raforkugjafar auka öryggi raforkukerfisins og Ísland býður upp á kjöraðstæður fyrir vindorkuver með meðalvindhraða víða yfir 10 m/s í 80 m hæð. Vindorkuver má byggja hratt og áhrif þeirra eru að mestu afturkræf. Vindorka nýtist enn fremur við framleiðslu á vetni, sem er talið mikilvægt til að ná loftslagsmarkmiðum, og framleiða má með sveiflukenndu rafmagni.

Þrátt fyrir framangreinda kosti, þá stöðu sem er uppi í raforkumálum og markmið Íslands í loftlagsmálum er einungis eitt vindorkuver áformað, Vaðölduvirkjun. Telja samtökin það skjóta skökku við að stjórnvöld hyggist með lögum kveða á um jafn umfangsmiklar takmarkanir á hagnýtingu vindorkuvera og frumvarpið felur í sér.

Samtökin eru mótfallin framgangi frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

Guðný Hjaltadóttir  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

<sup>1</sup> [Raforkuskortur leitt til verðhækkana | Fréttasafn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)